

Starfsemi héraðsdýralækna

Á undanförunum 15 til 20 árum hafa verið gerðar nokkrar breytingar á héraðsdýralæknaferfinu, sem vert er að hafa í huga þegar núverandi starfsemi héraðsdýralækna er skoðuð.

Eldra fyrirkomulag

Fyrir tilkomu núverandi laga um dýralækna nr. 66/1998 voru á landinu 27 héraðsdýralækna, sem höfðu allir tvöföldu hlutverki að gegna. Þeir voru annars vegar opinberir embættismenn sem sinntu ýmsum eftirlitshlutverkum, svo sem sjúkdómavörnum, kjötskoðun og heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum og eftirliti með framleiðslu mjólkur og dýravelferð. En hins vegar sinntu þeir einnig þjónustu við dýraeigendur vegna veikra og slasaðra dýra. Á árunum eftir 1990 fór sjálfstætt starfandi dýralæknum hægt fjölgandi og hófu aðallega störf á þéttbýlli svæðum, þar sem fjöldi bæði húsdýra og gæludýra var mestur og samgöngur auðveldastar. Fljótlega vöktu þeir athygli á skakkri samkeppnisstöðu þeirra gagnvart héraðsdýralæknum sem höfðu föst mánaðarlaun frá hinu opinbera. Sjálfstætt starfandi dýralækna bentu réttilega á að héraðsdýralækna gætu af þessum sökum haldið úti lægri gjaldskrá og þannig skekkt eðlilega samkeppni um dýralæknaþjónustu.

Nokkrir sjálfstætt starfandi dýralækna óskuðu því eftir álit samkeppnisráðs um ofangreind ágreiningsmál, sem síðar úrskurðaði að jafna bæri samkeppnisaðstöðu dýralækna með því að aðskilja almenna dýralæknaþjónustu og opinbert eftirlit. Jafnframt ætti að afnema opinbera gjaldskrá fyrir þjónustustörf dýralækna og að gera dýralæknum óheimilt að hafa sameiginlega gjaldskrá.



Halldór Runólfsson

Af þessum orsökum og öðrum var ráðist í að endurskoða lög um dýralækna, sem voru að stofni til frá árinu 1970. Með lögunum frá 1998 kom inn sú stefna að aðskilja bæri þjónustu og eftirlit dýralækna þar sem því yrði við komið og var héraðsdýralæknum fækkað í kjölfarið í 16 og þrjú embætti á þéttbýlustu svæðunum gerð að hreinum eftirlitsembættum, þ.e.a.s. á Suðurlandi, Gullbringu- og Kjósarsýslu og í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslum. Til viðbótar þessum héraðsdýralæknum voru síðan ráðnir eftirlitsdýralækna, en þjónusta við dýraeigendur í þessum umdæmum var þar með öll í höndum sjálfstætt starfandi dýralækna eins og óskað hafði verið eftir.

Núverandi fyrirkomulag

Þetta fyrirkomulag þótti gefast nokkuð vel og þegar matvælaöggjöf

dýralæknaþjónustunni höfðu áður veitt og þar sem ekki væri líklegt að sjálfstætt starfandi dýralækna tækju sér búsetu, án sérstaks stuðnings. Matvælastofnun var falin útfærsla og framkvæmd þessa ákvæðis, og stofnunin gerði þá sérstaka þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi dýralækna á 9 þjónustusvæðum en um það mál verður nánar fjallað síðar í annarri grein.

Mikilvægi góðrar samvinnu bænda og MAST

Matvælastofnun (MAST) hafa borist á liðnu ári nokkrar athugasemdir og kvartanir frá bændum vegna þessa breytta fyrirkomulags þar sem héraðsdýralækna og eða eftirlitsdýralækna frá MAST kemur nú eingöngu á bæi í embættiserindum til eftirlits, en hvorki getur né má sinna þjónustu eða ráðgjöf í leiðinni eins og áður var. Í langflestum tilfellum hefur þessum dýralæknum verið vel tekið, en á því eru því miður örfáar undantekningar. Í þessu sambandi skal á það bent að MAST hefur í heild sinni gífurlega miklu hlutverki að gegna við að tryggja eins og unnt er heilnæmi búfjár og öryggi þeirra matvæla sem hér eru framleidd og markaðssett. Það er mikilvægt að allir átti sig á því að framleiðsla bænda er nú komin í frjálst flæði til landa evrópska efnahagssvæðisins, þótt það sama gildi ekki um vörur þaðan og hingað til lands. Þetta þýðir að nú er allt matvælaeftirlit í samræmi við reglugerðir Evrópusambandsins, sem Alþingi hefur samþykkt og innleiddar eru af viðkomandi ráðuneyti. MAST er treyst fyrir því að hafa yfirumsjón með allri matvælaframleiðslu hér á landi „frá hafi og haga til maga“ í samræmi við þessar reglugerðir og þá er haft í huga að eftirlitið skuli hvorki

vera strangara eða veikara en í öðrum löndum evrópska efnahagssvæðisins. Bændur sem eru að framleiða kjöt og mjólk þurfa að gera sér grein fyrir því að heimsókn opinbers dýralækna er í þeim tilgangi að fylgjast með heilbrigði, hreinlæti, lyfjanotkun og dýravelferð á búinu. Þessar heimsóknir eru einn fyrsti liðurinn í umfangsmiklu eftirlitskerfi MAST til að tryggja heilnæmi afurðanna svo að hægt sé að koma þeim í verð. Á síðari stigum hefur MAST eftirlit með afurðunum í sláturhúsum og mjólkurstöðvum og að lokum koma svo starfsmenn MAST að því að sinna útgáfu nauðsynlegra vottorða til útflutnings, sem einmitt verða að byggjast á eftirlitinu á fyrri stigum hafi verið sinnt og að öll aðstæða og framleiðsla hafi staðist þar til gerðar kröfur.

Erlendar eftirlitsstofnanir senda síðan sína eftirlitsmenn í eftirlitsferðir mörgum sinnum á ári til að fara yfir, og gera athugasemdir ef með þarf, við það eftirlit sem MAST hefur á þessu sviði. Þessir eftirlitsmenn óska iðulega eftir því að fara í heimsóknir á frumframleiðslustaðina og bændur hafa jafnan tekið þeim beiðnum vel, enda langflestir bændur stoltir af sinni framleiðslu og með góðan skilning á nauðsyn og þýðingu öflugs eftirlits með framleiðslunni.

Við megum ekki gleyma því að við erum matvælaframleiðsluþjóð og byggjum afkomu okkar meðal annars á frumframleiðslugreinunum. Því er góð samvinna bænda og eftirlitsmanna MAST forgangsmál til að tryggja þau hágæða matvæli sem við viljum framleiða hér og markaðssetja bæði hérlandis og erlendis.

Halldór Runólfsson
yfir dýralækna hjá
Matvælastofnun.